

# Netfréttir – september og október

Í tilefni af 100 ára afmælis kosningaréttar kvenna og af 200 ára afmæli Biblíufélagsins var opnuð myndlistarsýning í byrjun september sem bar heitið Konur og Kristur. Sjö konur sýndu þar myndverk sín en það voru:

Elva Hreiðarsdóttir

Hanna Pálsdóttir

Hildur Ásgeirsdóttir

Ragnheiður Guðmundsdóttir

Rúna Gísladóttir

Steinunn Einarsdóttir

Þórey Magnúsdóttir( Æja)

Sýningin var opnuð föstudaginn 4. september kl. 16 í safnaðarheimili Neskirkju en það var fyrsti kvenprestur Íslands dr. Auður Eir Vilhjálmsdóttir sem opnaði sýninguna. Ragnhildur Ásgeirsdóttir og Marta Andrésdóttir fluttu frumsamin lög með texta eftir sr. Guðmund Guðmundsson en löggin voru samin í tilefni af afmælisári HÍB. Um 30 manns mættu á opnunina. Sýningin verður opin fram í desember.

**Biblíusýning** var opnuð í Þjóðarbókhöllu, Landsbókasafni laugardaginn 26. september sem bar heitið "Þann arf vér bestan fengum"

Á sýningunni eru allar íslenskar biblíuútgáfur en sýningin var opnuð laugardaginn 26. september 2015 kl.13 og verður opin í allan vetur.

Sýningin er samstarfsverkefni Landsbókasafns Íslands-Háskólabókasafns og Hins íslenska biblíufélags. Við opnun sýningarinnar var undirritaður samingur á milli Biblíufélagsins og Landsbókasafn um varðveislu allra Biblíá sem HÍB eiga auk fundargerðabóka og gagna. Við opnunina var einnig haldið málþing. Dagskrá var eftirfarandi:

Stjórnandi: Dögg Harðardóttir, varaforseti Hins íslenska biblíufélags

Séra Sigurður Ægisson flutti erindi um biblíuþýðingar

Tónlistaratriði: Þórunn Harðardóttir, víóluleikari

Séra Hreinn Hákonarson flutti erindi um Konstantín von Tischendorf biblíufræðing og handritasérfræðing.

Um fjórtíu manns mættu á opnunina og boðið var upp á léttar veitingar.

**Fræðsluerindi** var haldið þriðjudagskvöldið 29. september kl. 20 í Hafnarfjarðarkirkju en þar fjallaði dr. Gunnlaugur A Jónsson, prófessor, um menningaráhrif og mikilvægi Davíðssálmanna í sögu og samtíð. Hann kynnti bók sína, *Áhrifasaga Saltarans*, þar sem hann bendir á ýmis listaverk að fornu og nýju, m.a. kvikmyndir, sem styðjast við texta úr Davíðssálmunum.

## Október

Í október birtust greinar í Morgunblaðinu eftir dr. Sigríði Guðmarsdóttur og dr. Gunnar Jóhannes Gunnarsson. Ekki var birt nein grein í Fréttablaðinu en Magnús Gunnarsson sendi grein til blaðsins. Hún birtist vonandi fljótlega.

Í tilefni af 200 ára afmæli Hins íslenska biblíufélags voru haldnir tónleikar í Hvítasunnukirkjunni Fíladelfíu, laugardaginn 17. október kl. 20:30. Þar var boðið upp á fjölbreytta dagskrá og meðal annars voru frumflutt ljóð og lög sem samin höfðu verið í tilefni afmælisárs Biblíufélagsins. Fram komu:

Kór Lindakirkju og Áslaug Helga

Gospeltónar (Óskar Einars, Hrönn Svans og Fanny Tryggva)

Íris Lind Verudóttir og Emil Björnsson

Þóra Gísladóttir

Hljómsveitin Gummi Kalli og Biblíusugurnar

Ívar Halldórsson

Helga Vilborg Sigurjónsdóttir

Karлакór KFUM

Hátt í 500 manns mættu á tónleikana sem þóttu afar vel heppnaðir.

**Laugardaginn 31. október** var haldið málþing í safnaðarheimili Grensáskirkju í Reykjavík kl. 13:30 – 16.00 undir yfirskriftinni **Lúther og Biblían** í samstarfi við nefnd um fimm alda minningu siðbótarinnar. Á málþinginu voru flutt þrjú erindi:

Dr. Gunnar Kristjánsson: Reynslan og Ritningin. Um Biblíutúlkun Lúthers.

Sr. Dalla Þórðardóttir: Að lesa Biblíuna með Lúther.

Sr. Árni Svanur Daníelsson: Lesandinn athugi það. Um formála Lúthers að ritum Biblíunnar.

Dr. Gunnar J. Gunnarsson stýrði umræðum.

Rúmlega þrjátíu manns sóttu þingið.